Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð Kópavogs.

Sendandi: Jón Kristján Rögnvaldsson, skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar.

Dags. 4. júní 2024.

Efni: Helgaropnanir félagsmiðstöðva eldri borgara.

Félag eldri borgara í Kópavogi (FEBK) hefur um langt skeið óskað eftir því að öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs verði haldið opnum allar helgar til að bæta andlega heilsu aldraðra og draga úr félagslegri einangrun. Á fundi öldungaráðs Kópavogsbæjar þann 16. nóvember 2023 var skipaður starfshópur sem var falið að koma með tillögur að útfærslu á helgaropnunum í félagsmiðstöðvum eldra fólks.

Velferðarsvið lagði til í aðgerðaáætlun ársins 2024 að boðið yrði upp á opnun í hverri félagsmiðstöð einn helgardag einu sinni í mánuði þar sem kostnaður myndi rúmast innan samþykktra fjárheimilda en ekki var gert ráð fyrir auknum fjárheimildum til velferðarsviðs til þess að mæta ofangreindu markmiði.

Sérstakt markmið er tilgreint í kafla **4.3.1**. í aðgerðaáætlun velferðarsviðs sem snýr að góðri heilsu eldra fólks og er svohljóðandi:

Markmið V.4.3.1. *Draga úr einmanaleika og félagslegri einangrun eldra fólks með því að bjóða uppá helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldra fólks til reynslu í sex mánuði.*

Aðgerð V.4.3.1.1. *Bjóða uppá skipulagða dagskrá allt að fjórum tímum einn helgardag í mánuði á hverri stöð.*

Þann 10. janúar 2024 var kynnt fyrir öldungaráði áætlun og dagskrá um opnun félagsmiðstöðva aldraðra fyrir vorönn 2024. Um tilraunaverkefni var að ræða til að prófa framkvæmdina og kanna eftirspurnina.

Opnunartímar verða frá kl. 13:00-16:00, en viðvera starfsmanns er frá kl. 12:30-16:30.

Félagsmiðstöð	**Febrúar**	**Mars**	**Apríl**
Gullsmári	10. febrúar	2. mars	6. apríl
Gjábakki	17. febrúar	9. mars	13. apríl
Boðaþing	24. febrúar	16. mars	20. apríl

Áætlunin hélst að mestu leyti óbreytt þó einhverjar helgar í mars hafi víxlast. Lagt var upp með misjafnar áherslur milli mánaða til að athuga hvaða áhrif dagskráin hefði á mætingu í félagsmiðstöðvarnar.

Febrúar.
Mætingin var afar góð í allar helgaropnanir í febrúar, boðið var upp dagskrá á öllum stöðum. Í Gullsmára mættu yfir 60 manns á kynningu og keppni í Boccia og Qi gong auk þess sem spilað var og boðið upp á veitingar.

Best var mætt í Gjábakka í febrúar en áætlað er að um 100 manns hafi mætt. Boðið var upp á Bocciakennslu, sýningu á verkefnum úr Skapandi endurnýtingu og bingó.

Í Boðaþing mættu um 90 manns og var boðið upp á harmonikku og gítarspil auk þess sem spilað var bingó.

Mars.
Ákveðið var að bjóða ekki upp á skipulagða dagskrá í mars og sjá hvaða áhrif það hefði starfið og mætinguna.

Fyrsta opnunin var í Gjábakka 2. mars, upplýsingar um mætingu voru ekki nákvæmar en þar sem engin dagskrá var þennan dag dreifðist mætingin meira yfir daginn og erfiðara var að áætla nákvæma aðsókn.

Þann 9. mars er áætlað að um 50-60 manns hafi mætt í Gullsmára og átt rólegan dag og sinnt sínum áhugamálum en svipuð mæting var í Boðaþingi þar sem spilað var bingó þann 16. mars.

Apríl.
Í aprílmánuði var síðan breytt til að nýju og tónlistarmaðurinn Bjarni Hall fengin til að spila og syngja á öllum félagsmiðstöðvunum.

Fyrst í Boðaþingi þann 6. apríl, svo í Gjábakka 13. apríl og loks í Gullsmára 20. apríl. Ferðakynningar voru einnig í Gullsmára og Gjábakka á vegum FEBK auk þess sem haldinn var ljóðabókamarkaður í Gjábakka. Vel var mætt á alla staði og voru veitingar seldar gegn vægu gjaldi.

Í apríl var farið að selja kaffi og meðlæti með skipulagðari hætti og voru seldar veitingar kr. 44.500,- í Gullsmára, kr. 26.000 í Gjábakka og kr. 27.500,- í Boðaþingi. Ekki er keypt inn sérstaklega fyrir hvert skipti því mikið af hráefninu er þegar til staðar.

Kostnaður við að fá Bjarna Hall, tónlistarmann, var 111.600,- kr. fyrir þrjú skipti í apríl.

Launakostnaður.
Starfsmannakostnaður fyrir hvert skipti var áætlaður um kr. 25.000,- á hverja starfsstöð, eða um 75.000,- kr. á mánuði, fyrir utan það vinnuframlag forstöðumanns og starfsfólks félagsmiðstöðvanna sem fram fór á hefðbundnum vinnutíma.

Annar kostnaður.
Lagt er til að verðleggja kaffi og léttar veitingar þannig að kostnaður standi sem næst undir sér, nokkur samlegðaráhrif verða að framreiðslu veitinga með annarri kaffisölu félagsmiðstöðvanna.

Kostnaður vegna viðburða og dagskrár helgaropnana verður alltaf einhver til að koma í veg fyrir einhæft starf en ekki er nauðsynlegt að kaupa þjónustu við hverja opnun. Lauslega áætlað má reikna með 40.000,- kr. fyrir aðkeyptan viðburð í takt við það sem verið hefur.

Reynslan og næstu skref.
Að hafa opið um helgar er mikil skuldbinding fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva og forstöðumann og í lok verkefnisins var starfsfólk farið að finna fyrir aukinni ábyrgð og aukavinnu. Í ljósi fæðar starfsfólks félagsmiðstöðvanna verður verkefnið tvímælalaust íþyngjandi til lengri tíma og er lagt til að finna aðrar leiðir til þess að manna opnanir með reglubundnum hætti.

Félag eldri borgara kom með virkum hætti að dagskránni og auglýsti allar opnanir mjög vel á sínum samfélagsmiðlum. Forstöðumaður félagsmiðstöðva eldri borgara og skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar telja að farsælast sé að vinna að áframhaldi verkefnisins í samstarfi við félagið þannig að gerður verði samningur við félag eldri borgara um helgaropnanir félagsmiðstöðvanna.

Undirritaðir telja þó mikilvægt að bjóða félaginu að Kópavogsbær komi áfram formlega að skipulagningu og undirbúningi helgaropnana félagsmiðstöðvanna og haldi þannig áfram hinu góða samstarfi sem hefur átt sér stað síðustu mánuði.

Framhald verkefnisins.
Lagt er til að gerður verði tilraunasamningur við FEBK um framkvæmd helgaropnana félagsmiðstöðvanna í framhaldinu þar sem stofnaður verði ólaunaður samstarfshópur vegna verkefnisins. Í honum sitji fulltrúar Kópavogs og FEBK sem taki að sér að skipuleggja helgaropnanir. Kópavogsbær greiði FEBK fyrir að taka þátt í samstarfinu og að lagt verði upp með greiða fasta upphæð fyrir ákveðin fjölda helgaropnana á hverri starfsstöð. Hópurinn geti síðan skipulagt opnanir sjálfur út frá frídögum og öðru starfi FEBK og Kópavogs.

Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að draga úr álagi og bindingu lítils starfshóps félagsmiðstöðva eldri borgara en að sama skapi halda úti mikilvægu starfi til að draga úr einmannaleika eldri borgara í Kópavogi og nýta betur húsakynni félagsmiðstöðvanna.

Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Stefán Arnarson
Forstöðumaður félagsmiðstöðva eldri borgara

Rafræn skilríki

Undirritað af: Jón Kristján Rögnvaldsson
Kennitala:
Tími: 14.06.2024 8:18
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign